

Bjarni Þóroddsson

Frá: Lisa Gail Shannen <lisa@icelandwritersretreat.com>
Sent: 16. janúar 2017 14:50
Til: Styrkir
Afrit: Eliza Reid; Erica Green
Efni: {Disarmed} Umsókn um styrk: Iceland Writers Retreat

Málsnr.: 217010190
Skjalasafn Ráðhúss
13. jan. 2017
Bréfalykill: 1252

Til þeirra sem málið varðar,

Við erum nýlega búin að sækja um styrk til þess að hjálpa okkur við kostnaðinn fyrir því að komast á Association of Writers and Writing Programs (AWP) conference sem er núna í febrúar í Washington DC og okkur langar að vita hvar við erum stödd með umsókina okkar.

Með bestu kveðju,

Lisa Shannen

Local Program Manager
www.icelandwritersretreat.com

Iceland
Writers
Retreat

Til þeirra sem málið varðar,

Við hjá Iceland Writers Retreat erum mjög þakklát fyrir þá hvatningu og stuðning sem Reykjavíkurborg hefur sýnt okkur frá okkar fyrsta viðburði árið 2014.

Því miður misstum við af umsóknarfresti fyrir menningarstyrk frá borginni árið 2017. Ætlunin var að nota styrkinn til að auka við starfsemi okkar og hvetja sem flesta rithöfunda sem eru búsettir hér á landi til að taka þátt í starfi Iceland Writers Retreat. Við munum því biða með þá umsókn þar til á næsta ári.

Með þessari umsókn, erum við að leita eftir sér styrk til að hjálpa okkur að komast á stóra ráðstefnu rithöfunda í Bandaríkjunum með það að markmiði að kynna Iceland Writers Retreat.

Þessi ráðstefna fer fram í febrúar 2017 og er því ekki hluti styrks sem við fengum fyrir kynningu á viðburðum okkar 2016.

The Association of Writers and Writing Programs (AWP) conference er ein sú stærsta sinnar tegundar í Norður Ameríku og laðar að sér um 12.000 rithöfunda og iðnaðasérfræðinga á hverju ári.

Ráðstefnan er haldin í Washington DC í febrúar næstkomandi og við myndum gjarnan vilja kaupa bás, þar sem við getum kynnt starfsemi okkar a meðal svipaðra samtaka allstaðar að úr heiminum.

Auk þess að vera hluti af viðburði sem þessum, sem laðar að 12.000 manns og mögulega IWR gesti, munum við einnig vera skráð í viðburðardagatali sem og á Facebook síðu AWP ásamt öðrum viðeigandi miðlum.

Við erum einnig að skoða tækifæri til að vinna með íslenska sendiráðinu í Washington til að halda móttöku með bókmenntapema á meðan heimsókn okkar stendur og / eða hafa íslenskan höfund til staðar til að árita bækur. **Að sjálfsgöðu myndum við einnig vera með efni frá bókmenntaborginni Reykjavík (bæklingar, o.fl.) í boði á básnum okkar.**

Við höfum þegar fengið styrk fyrir flugi til DC (án skatta), og getum gíst hjá vinum. En við erum að reyna að fá styrk til að hjálpa við frekari kostnað a básnum okkar og fleira sem því tengist.

Básaleiga (\$ 750): 85,000 kr

Ráðstefnupassar (fyrir starfsmenn á bás \$ 200 x2): 45.000 kr

Flugskattar: ca. 15.000 kr

Dagpeningar 18,750 kr x 4 daga: 75.000 kr

Kostnaður við að prenta frekari bæklinga, bókamerki, o.fl. (ca.): 50,000 kr

Kostnaður við að prenta pop-up stand: 30.000 kr

TOTAL: 300.000 kr

Við yrðum mjög þakklát fyrir stuðning frá Reykjavíkurborg og að sjálfsögðu getum við sent ykkur frekari upplýsingar um Iceland Writers Retreat ef óskað er.

Kær kveðja,

Fyrir hönd starfsmanna Iceland Writers Retreat,

Lisa Shannen

Local Program Manager

MailScanner has detected a possible fraud attempt from "www.reykjavik.com" claiming to be www.icelandwritersretreat.com

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Styrkbeiðni Iceland Writers Retreat

Með bréfi þ. 17. janúar var óskað var eftir umsögn Menningar- og ferðamálasviðs um styrkbeiðni Iceland Writers Retreat til þátttöku í The Association of Writers and Writing Programs (AWP) í Washington.

Menningar- og ferðamálaráð veitti Iceland Writers Retreat styrk að upphæð kr. 850.000 á árinu 2016 og kr. 700.000 á árinu 2015. Í báðum tilfellum var sótt um styrk vegna rithöfundabúða sem eru vettvangur bókaunnenda sem vilja kynnast bókmenntaarfinum og stuðla að auknum samskiptum innlendra og erlendra höfunda. Ábyrgðarmenn verkefnisins misstu því miður af umsóknarfresti til að sækja um styrk hjá ráðinu sl. haust.

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO hefur stutt við starfsemi Iceland Writers Retreat frá upphafi og telur þetta starf mikilvægt fyrir Reykjavík sem Bókmenntaborg. Samstarfið hefur gengið afar vel og hafa íslenskir rithöfundar fengið góða kynningu á þessum vettvangi, sem og íslenskar menningarstofnanir. Samstarf Bókmenntaborgar og IWR er því mikilvægt fyrir kynningu á Reykjavík sem bókmenntatengdum áfangastað og fyrir íslenskar bókmenntir almennt. Óeigingjarnt starf upphafsmanna IWR hefur skilað sér í tvöföldun þátttakenda frá upphafi, eða frá 50 þátttakendum fyrsta árið til rúmlega 100 árið 2016. Þessar rithöfundasmiðjur laða erlenda gesti til landsins sem tilheyra einum af skilgreindum markhópum ferðapjónustunnar og margir þeirra skrifa um dvölinu og reynslu af menningarlífinu hér á jákvæðan hátt í erlenda miðla og á persónulegar síður. Sumir þátttakendur koma aftur með fjölskyldur sínar og einnig til að endurnýja tengslin við landið og þann skapandi anda sem það upplifði í rithöfundasmiðjunum.

Það er því ótvíræður hagur fyrir borgina að fá þennan gestahóp til landsins og að haldið verði áfram að stækka hann. Þátttaka IWR í ráðstefnunni AWP er góð leið til að ná til markhópsins og tala til hans milliliðalaust. Að mati Bókmenntaborgarinnar er þetta gott tækifæri fyrir IWR til að byggja upp viðskiptamannahóp sinn til framtíðar og festa starfseminu betur í sessi og mælir Menningar- og ferðamálasvið með að borgarráð styrki verkefnið.

Virðingarfyllt

Auður Halldórsdóttir
verkefnastjóri
skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs

Völván

Vitundarvakning um málefni þíkunnar

Umsækjendur: Inga Björk Bjarnadóttir, Ingigerður Bjarndís Ágústsdóttir og María Hjarðar.

Við erum þrjár ungar konur á aldrinum 19 til 24 ára sem stöndum að baki verkefninu Völván þar sem okkur finnst vanta opinskáa umræðu um þíkuna, til dæmis þar sem takmarkaða fræðslu er að finna í menntakerfinu. Verkefnið snýr að vitundarvakningu á öllu því sem viðkemur þíkunni — líkamsvirðingu, kynferðisofbeldi, getnaðarvörnum, kynlífi, þ.m.t. sjálfsfróun, barneignum og fleira.

Nafn átaksins er tilkomið vegna vangaveltna okkar um enska orðið „vagina“, sem þýðir leggöng, en hið rétt orð yfir þíku er „vulva“. Þetta er lýsandi fyrir ríkjandi viðhorf til þíkunnar; að hún sé smættuð niður í leggöng sem móttak fyrir getnaðarlim og sem fæðingarveg. Eitt helsta markmið okkar er að breyta þessu viðhorfi svo við sem samfélag gerum okkur grein fyrir því að þíkan, völván, er svo miklu meira en bara leggöng. Völvá, sem hefur sama hljóm og enska orðið vulva, er svo eitt fallegasta orð íslenskrar tungu að okkar mati, auk þess að vera valdeflandi.

Sett verður á fót Facebook-síða með sama nafni með myndböndum, greinum og viðtölum um málefni þíkunnar. Þá verður einnig virkjaður Twitter aðgangur. Okkur finnst mikilvægt að vitundarvakningin einskorðist ekki við okkar skoðanir og hugmyndir, heldur verði einnig vettvangur fyrir umræðu. Þó að við séum einungis þrjár munum við leggja upp úr því að umfjöllunin nái yfir sem flest sjónarhorn. Það verður gert með því að hafa Völvu opna fyrir umfjöllun sem aðrir eiga frumkvæði að, hvort sem það er í samfélaginu eða á síðunni okkar og með því að endurspeglar í myndböndunum okkar breiðan hóp samfélagsins. Mikilvægt er að gæta að fjölbreytni hvað varðar viðmælendur. Við munum fá til okkar fólk á breiðu aldursbili, af ólíkum kynjum, með ólíkar kynhneigðir, síis og trans, ófatlað og fatlað og fólk fætt á Íslandi sem og utan þess. Þrátt fyrir breiddina munu viðmælendur okkar allir eiga það sameiginlegt að vilja

breyta viðhorfi fólks til þíkunnar og trúa því að með fræðslu og vitundarvakningu vinnist baráttan um jafnrétti. Við höfum nú þegar leitað til almennra borgara og þjóðþekktara einstaklinga og fengið góðar viðtökur. Meðal þeirra sem taka þátt eru Salka Sól Eyfeld, Óttar Proppé, Ólafur Stefánsson, Hrefna Sætran, Uglya Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir, Árni Grétar Jóhannesson/Futuregrapher, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Ólafur Darri Ólafsson, Hildur Lilliendahl og Edda Björgvinsdóttir.

Upptökur hefjast helgina 17. til 19. febrúar. Fimmtudaginn 9. mars kemur fyrsta myndbandið inn, sem verður kítla (e. teaser), auk þess sem við munum stefna á að fá umfjöllun í sem flestum fjölmiðlum. Daginn eftir, föstudaginn 10. mars, verður frumsýningarteiti í tengslum við annað myndbandið, en í því munu almennir borgarar og þjóðþekktir einstaklingar tala um það sem þeim er hugleikið í tengslum við þíkuna. Síðan munu þemamyndböndin okkar fara á fullt skrið í vikunni á eftir og stefnum við á það að gefa út eitt til tvö myndbönd í mánuði. Greinar og blogg sem koma þíkunni verða birtar með reglulegu millibili, sem og að spurningum og athugasemdum almennings verður svarað á samfélagsmiðlum í samráði við fagfólk séu spurningarnar þess eðlis.

Væntanlegur ávinningur vitundarvakningarinnar er að samfélagið verði víðsýnna og hamingjusamara eftir að hafa kynnst þíkunni betur, þar sem hún er nú uppspretta kynferðislegrar ánægju helmings þjóðarinnar. Einnig er væntanlegur ávinningur sá að fólk komist nær því að kyn aftri sér ekki, hvort sem er fjárhagslega, félagslega eða persónulega. Þá er von okkar að átakið verði þáttur í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi, sem er helsta dánarosök kvenna á aldrinum 16–44 ára í Evrópu og heiminum öllum.

Markhópur okkar er að samfélagið allt en þar sem verkefnið fer fram á samfélagsmiðlum er hægt að búast við miklu áhorfi meðal ungs fólks. Borgað verður fyrir dreifingu allra myndbanda á Facebook og er sá kostnaður undir liðnum auglýsingar á fjárhagsáætlun hér að neðan.

Fjárhagsáætlun

Sótt er um styrk til 12 mánaða til að koma verkefninu af stað af þeim þunga sem mikilvægt er til að Völván nái að festa sig í sessi. Heildarupphæð verkefnisins á fyrsta starfsári er 2.520.000 kr. Við leitum því til ykkar eftir styrk að upphæð 500.000 kr.

Kostnaðarþættir	Á mánuði	Í 12 mánuði
Leikstjórn (30.000 kr. á dag)	60.000 kr.	720.000 kr.
Upptaka (tækjakostnaður innifalinn, 50.000 kr. á dag)	100.000 kr.	1.200.000 kr.
Klipping (15.000 kr. á dag)	30.000 kr.	360.000 kr.
Auglýsingar	20.000 kr.	240.000 kr.
<i>Samtals útgjöld</i>	<i>210.000 kr.</i>	<i>2.520.000 kr.</i>

Það er von okkar að þið sjáið ykkur fært um að styrkja Völvuna og leggja þannig ykkar af mörkum til jafnréttisbaráttunnar.

03. feb. 2017

Bréfalykill: 1252

Reykjavík 3. febrúar 2017

Umsókn um samstarfssamning við Skrautás ehf. vegna hverfablaða 2017 í Grafarvogi, Árbæ og Grafarholti


Ágætu fulltrúar í Borgarráði Reykjavíkur.

Um langt árabil höfum við útgefendur Grafarvogsblaðsins, Grafarholtsblaðsins og Árbæjarblaðsins haft af því mikla ánægu að gefa blöðin út og sinna málefnum hverfanna sem best við megum. Nú þegar þrengingar aukast stöðugt á auglýsingamarkaði teljum við að þessi samstarfssamningur sé okkur mikilvægari en nokkru sinni áður. Getur hann í raun skilið á milli lífs og dauða útgáfunnar.

Í raun er hér um samstarfssamning að ræða frekar en styrk. Færa má gild rök fyrir því að Reykjavíkurborg hafi af því mikinn hagnað á ýmsum sviðum að þessi blöð komi út.

Um leið og við vonum að Borgarráð hafi áhuga á áframhaldandi samstarfi er þess farið á leit að styrkurinn verði hækkaður úr 400.000,- pr. blað í kr. 500.000,- pr. blað.

F.h. Skrautás ehf.



Stefán Kristjánsson